

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 30. apríl 2021.

Mál nr. S-3201/2020:

## Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir settur saksóknari)

gegn

**X**

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

og **Y**

(Bjarni Hauksson lögmaður)

(Inga Lillý Brynjólfsdóttir réttargæslumaður brotapolá)

## Dómur:

Mál þetta var þingfest 14. desember 2020 og dómtekið 20. apríl 2021. Málið höfðaði Héraðssaksóknari með ákæru útgefinni 23. nóvember 2020 á hendur ákærðu, X, kt. 000000-0000, [...], [...], Y, kt. 000000-0000, [...], [...] og Z, kt. 000000-0000, [...], [...], fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 framin að kvöldi fimmtudagsins 23. apríl 2020 að [...] í [...]:

1.

Gegn ákærða X fyrir stórfellda líkamsárás samkvæmt 2. mgr. 218. gr. laganna, með því að hafa utan við og inni í húsnaðinu veist að A, kt. 000000-0000, en ákærði veitti honum að minnsta kosti eitt högg á höfuð og hrinti honum með þeim afleiðingum að A féll aftur fyrir sig og skall í gólfið, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut stóra 9 mm innanbastsblæðingu hægra megin í höfði, litlar blæðingar í heilavef framan til og litla innanskúmsblæðingu með miðlínuhliðrun 8 mm ásamt fjölda brota í höfuðkúpu og nefbeinabrot.

2.

Gegn ákærðu öllum fyrir brot gegn 1. mgr. 221. gr. laganna, með því að hafa, í kjölfar framangreindrar atlögu ákærða X, látið farast fyrir að koma A til bjargar, skilið hann eftir liggjandi frammi á gangi húsnaðisins og yfirgefið hann ósjálfbjarga og lífshættulega slasaðan, án þess að koma honum til hjálpar.

Ákærði Z lést 11. febrúar sl. og var málið í framhaldi fellt niður gagnvart honum. Af hálfu ákærvaldsins er þess áfram krafist að ákærðu X og Y verði dæmdir til refsingar samkvæmt ákæru og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í ákæru er tekin upp einkaréttarkrafa A, hér eftir brotaþola. Hann krefst þess að ákærðu verði dæmdir óskipt til greiðslu 7.000.000 króna miskabóta, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 23. apríl 2020 til þess dags er liðinn er mánuður frá birtingu bótakröfunnar, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá verði ákærðu dæmdir óskipt til greiðslu þóknunar skipaðs réttargæslumanns.

Ákærðu X og Y krefjast aðallega sýknu og að framlagðri bótakröfu verði vísað frá dómi, en að því frágengnu verði þeir dæmdir til vægustu refsingar sem lög leyfa og bætur stórlega lækkaðar. Þá verði sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjenda.

#### *I. - Upphaf lögreglurannsóknar og rannsóknaraðgerðir.*

1.

[...] er iðnaðarhúsnæði sem breytt hefur verið í íbúðarhúsnæði og eru þar leigðar út litlar íbúðir og herbergi með sameiginlegri salernisaðstöðu. Gengið er inn í anddyri á suðurhlið hússins og þar er herbergi nr. 1. Úr anddyrinu er komið inn á stuttan gang, þaðan sem gengið er inn í herbergi 2, 3 og 4. Frá þessum gangi liggja aðrir og lengri gangar með fleiri herbergjum. Í apríl 2020 deildi ákærði X herbergi nr. 2 með Z heitnum. Við hlið þeirra, í herbergi 3, bjuggu B og C. Fimmtudaginn 23. apríl hélt Z upp á nafnaafmæli sitt og bauð ákærða Y og brotaþola í heimsókn. Fjórmeningarnir neyttu áfengis og urðu ölvaðir þegar leið á kvöldið.

2.

Kl. 23:22 barst Neyðarlínunni tilkynning um að karlmaður lægi meðvitundarlaus á gólfi íbúðarhúsnæðisins. Lögregla var kvödd á vettvang kl. 23:35. Segir um þetta í frumskýrslu D, sem hann staðfesti fyrir dómi, að þegar lögregla kom á staðinn hafi brotaþoli legið rænulítill á stutta herbergisganginum. Hann hafði misst frá sér þvag og saur og lak blóð úr hægri eyra hans, munnni og nefi. Þá var talsvert blóð á gólfinu og blóðkám á nærliggjandi veggjum. Brotaþoli hafi reynt að setjast upp, ekki getað það og hann verið beðinn um að liggja kyrr uns sjúkraflutningamenn kæmu á staðinn. Þeir töldu

síðan að brotaþoli gæti verið með blæðingu inn á heila og fluttu hann með sjúkrabifreið á bráðadeild Landspítala (LSH) í Fossvogi.

Ummerki á vettvangi þóttu benda til þess að brotaþoli hefði sætt líkamsárás og beindist fljótlega grunur að herbergi nr. 2. Þegar bankað var á hurðina kom ákærði X til dyra, ber að ofan, og mátti sjá grunna skurði á víð og dreif um líkama hans. Hann kvaðst hafa lent í slagsmálum við brotaþola og hlotið áverka af völdum hans. Ákærði var handtekinn og færður á lögreglustöð. Samkvæmt sömu skýrslu svaf ákærði Y ölvunarsvefni á herbergisgólfinu og Z lá sofandi á dýnu. Þeir voru einnig handteknir.

Samkvæmt frumskýrslunni var á vettvangi rætt við E og F, sem búa í húsinu. Í skýrslunni segir að þeir hafi verið að koma heim, séð brotaþola liggjandi í blóði sínu á gólfinu, ekki náð sambandi við hann og því hringt í Neyðarlínuna. Kom síðar í ljós að E átti enga aðkomu að málinu.

Frumskýrslunni fylgja tvær ljósmyndir sem sýna legu brotaþola á gólfinu þegar lögregla kom að. Þar sést hvar brotaþoli liggur beinn, á vinstri hlið, með krosslagða fætur við ökkla. Vinstri hönd er útrétt og vísar örlítið upp á við á meðan hægri höndin liggur yfir síðu brotaþola og nema fingur við nárasvæði. Hann er íklæddur dökkum stuttermabol og bláum gallabuxum, sem virðast hafa dregist aðeins niður um hann.

Í frumskýrslu G rannsóknarlögreglumanns er aðkomu á vettvangi lýst á svipaðan hátt. Þar segir einnig að ákærði Y hafi verið með skurð á enni og í blóðugum bol.

### 3.

Samkvæmt lögregluskýrslum voru ákærðu í annarlegu ástandi við komu á lögreglustöð; ákærði X og Z sagðir áberandi ölvaðir og ákærði Y sagður mjög ölvaður. Ákærða Y var tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar kl. 00:58 um nóttina og ákærða X kl. 01:21. Í blóði X mældist etanólmagn 1,60 ‰ og í blóði Y 2,65 ‰. Z færðist undan að gefa blóðsýni af ótta við Covid-19 og var látið við það sitja af hálfu lögreglu.

### 4.

Ákærði X var færður til læknisskoðunar á bráðadeild LSH í Fossvogi að kvöldi 24. apríl í fylgd tveggja lögreglumanna. Í vottorði H sérfræðings í bráðalækningum, sem hann staðfesti fyrir dómi, er haft eftir ákærða að hann hafi orðið fyrir líkamsárás með hnífi og brotinni flösku. Ákærði hafi kvartað undan verkjum í höfuðkúpu eða andlitsbeinum, án þess að þar sæjust aðrir áverkar en grunnur skurður á höku. Á brjóstakassa og kvið hafi verið margir langir og grunnir skurðir, en aðrir áverkar ekki sýnilegir fyrir utan húðmissi á hægra hné. Greining sérfræðingsins er svohljóðandi:

„Yfirborðsáverki á höfði, skurður á höku, opið sár á framvegg brjóstkassa, langir skurðir, opið sár á kviðvegg, langir grunnir, opið sár á hné“. Í vottorðinu segir að frásögn ákærða samsvari áverkum við skoðun.

5.

Samkvæmt vottorði I sérfræðilæknis, sem hann staðfesti fyrir dómi, kom brotaþoli í djúpu meðvitundarleysi á bráðadeild LSH kl. 00:06 aðfaranótt 24. apríl. Tölvusneiðmynd af höfði sýndi stóra 9 mm innanbastsblæðingu hægra megin, litlar blæðingar framan til í heilavef og litla innanskúmsblæðingu með miðlínuhliðrun 8 mm ásamt fjölda brota í höfuðkúpu. Brotaþoli var færður á gjörgæsludeild með lífshættulega áverka og tók J heila- og taugaskurðlæknir ákvörðun um bráðaþgerð. Höfuðkúpa hafi verið opnuð og innri blæðing hreinsuð út. Í kjölfar þeirrar aðgerðar hafi brotaþoli lagst inn á gjörgæsludeild í stöðugu ástandi. Brotaþola var tekið blóðsýni til alkóhólákvorðunar kl. 01:30 og mældist 2,40 % af etanóli í blóði.

6.

Í málinu liggur fyrir vottorð J 28. september 2020, sem hann staðfesti fyrir dómi. Þar segir að brotaþoli hafi verið í bráðri lífshættu vegna ferskrar blæðingar undir höfuðkúpu, sem þrýst hafi á heila, valdið klemmu og stefnt blóðflæði heilans í stórhættu. Eftir aðgerð hafi brotaþoli verið í öndunarvél í sólarhring og vaknað með lömum í vinstri hlið líkamans. Endurtekin sneiðmynd hafi sýnt að stóra blæðingin var horfin en eftir hafi setið mar/bólga við neðri, fremri hluta framheila í báðum heilahvelum, eins og sjáist eftir mikinn höfuðáverka. Eftir tveggja daga legu á heila- og taugaskurðeild hafi brotaþola versnað með auknum sljóleika og meðvitundarskerðingu og tölvusneiðmynd sýnt aukna bólgu í greindu heilamari. Hann hafi því verið fluttur aftur á gjörgæsludeild og fengið súrefnismeðferð, öndunarstuðning og sýklalyfjameðferð við lungnabólgu. Tveimur dögum síðar hafi hann færst aftur á heila- og taugaskurðeild og braggast hægt og rólega. Brotaþoli hafi síðan verið fluttur á Grensásdeild LSH til endurhæfingar 19. maí og náð ótrúlegum bata þegar hann útskrifaðist þaðan. Í vottorðinu segir J að erfitt sé að segja til um framtíðarhorfur brotaþola en hann þurfi tíma í endurhæfingu og bata. Það sem geti skert lífsgæði brotaþola eftir áverka af þessu tagi sé viss vitræn skerðing með þreytu, einbeitingarleysi, minnisleysi og úthaldsleysi, auk svima og jafnvægisleysis. Þessi einkenni geti verið til staðar þó svo að brotaþoli sé metinn sjálfbjarga með athafnir daglegs lífs.

7.

Fyrir liggur matsgerð K réttarmeinafræðings 26. maí 2020, sem hann staðfesti fyrir dómi, en K tók brotþola til réttarlæknisfræðilegrar skoðunar 28. apríl sama ár. Samkvæmt matsgerðinni kom fram í samtali við lögreglu að brotþoli hafi mögulega veist að öðrum manni með áhaldi og sá hrint honum í vörn með þeim afleiðingum að brotþoli féll í götuna eða gólfið. Brotþoli hafi greinst með mar á hnakkasvæði með undirliggjandi brotakerfi, innanbastsblæðingu, innanskúmsblæðingu, heilamar og hliðrun á heila til vinstri, auk afleiddra undirhúðarblæðinga á augnsvæðum og bak við hægra eyra. Þá hafi brotþoli verið marinn á nefi með undirliggjandi brot á nefbeinum og miðnesi, með mar á vinstri framhandlegg, skrámur á hægra augnsvæði, upphandleggjum, vinstri framhandlegg og á baki. Taldi K útlit áverkanna samrýmast því að þeir hafi stofnast seint að kvöldi 23. apríl eða aðfaranótt 24. apríl.

Um tilurð helstu áverka segir í niðurstöðum matsgerðar að útlit áverka á höfði með undirliggjandi brotakerfi, heilahimnublaðingum og mari á heila bendi sterklega til þess að áverki hafi komið til við sljóan kraft í formi höggs gegnt hörðu, líklega flötu yfirborði á hnakkann. Slíkt högg sé nærtækast að skýra með eigin falli og lendingu á hörðu undirlagi. Þessi áverki á höfði sé sá eini sem hafi verið lífshættulegur, þ.e. áverkinn hefði haft í för með sér ótvíræða hættu á dauða ef ekki hefði komið til læknismeðferðar. Útlit áverka á nefi bendi sterklega til þess að hann hafi komið til við sljóan kraft í formi höggs gegnt hörðu eða tregeftirgefanlegu yfirborði. Áverkinn geti skýrst „af jafnframt höggi veittu af öðrum manni, sem eigin handlausu falli með lendingu á andlitið.“

Þann 18. ágúst beindi lögregla svohljóðandi erindi til réttarmeinafræðingsins: „Nú liggur fyrir að brotþoli er með brot í nefbeini og miðnesi, sem og þrjú brot á mismunandi stöðum í höfuðkúpu. Fá réttarmeinafræðinginn til að svara því hvort að hann telji líklegt að þessir áverkar stafi frá hrindingu og í kjölfarið falli í gólf eða hvort að það þurfi fleiri ákomur, högg, spörk, detta utan í eitthvað á leiðinni í gólfið, s.s. hurðarkarm, til að orsaka alla þessa áverka.“ Í svarbréfi réttarmeinafræðingsins 20. september 2020 segir: „Spurningin beinist að tveimur áverkakerfum; annars vegar kerfi sem gengur útfrá hnakkanum og hins vegar kerfi á nefsvæðinu. Til skýringar þessum kerfum væri að vænta minnst tveggja ákoma, sbr. matsgerð K11-20. Við einfalda hrindingu og kjölfarandi fall í gólf væri að vænta einnar meginákomu (við steyt höfuðsins gegnt gólfinu). Ein hrinding og kjölfarandi fall í gólf er því ekki líklegasta skýringin á báðum ofanefndum áverkakerfum.“

Þá liggur fyrir matsgerð K 26. maí 2020 vegna réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á ákærða X 29. apríl, sem staðfest hefur verið fyrir dómi. Samkvæmt matsgerðinni kom fram í samtali við lögreglu að brotaþoli hafi mögulega veist að ákærða með áhaldi, líklega brotinni flösku, og ákærði hrint brotaþola í vörn með þeim afleiðingum að hann féll í götuna eða gólfið. Sýnilegir áverkarnir eru sagðir þeir sömu og fram koma í kafla I.4. að framan, en auk þeirra getur K um sár á vinstri kinn og á báðum öxlum. Taldi K útlit áverkanna samrýmast því að þeir hafi stofnast á síðustu tveimur sólarhringum fyrir myndatöku 24. apríl.

Um tilurð helstu áverka segir í niðurstöðum matsgerðar að útlit áverka á höku, vinstri kinn, hægri upphandlegg, hægri öxl, hægra megin á brjósti, vinstri fram- og upphandlegg, vinstri öxl, vinstra megin á brjósti og kvið bendi sterklega til þess að þeir hafi komið til við skarpan kraft. Útlit áverka á vinstri kinn, hægri upphandlegg, vinstri framhandlegg og vinstri öxl bendi sterklega til þess að þeir hafi orðið til við skurð með egghvössu áhaldi. Útlit áverka á höku, hægri öxl, hægra megin á brjósti, vinstri framhandlegg, vinstri öxl, vinstri upphandlegg og vinstra megin á brjósti bendi til þess að þeir hafi komið til við stungu og kjölfarandi skurð með egghvössu áhaldi. Útlit áverka á kvið bendi til þess að þeir hafi komið til við skarpan skerandi kraft í blöndu við sköfun eða skröpun, sem líklega er tilkomin vegna afstöðubreytinga hins hvassa meðan á áverkaferlinu stóð. Síðan segir: „Margir ofanefndra áverka eru flóknir; feli í sér marga aflanga og misdjúpa sárþætti, sýna gjarnan hok og köntun í börmum sínum, hafa tilhneigingu til að mynda samsíða aflöng ferli sem stundum beygja, eru heflandi á köflum og sem elta hvort annað samsíða. Áverkamyndin í heild skýrist best af því að kraftinum hafi verið miðlað af egghvössum hlut með nokkra grófa og kantaða hvassa þætti, t.d. brotinni glerflösku eða svipuðum hlut. Áverkamyndin í heild ber ekki með sér að hafa komið til við stýrðar aðstæður eins og t.d. við sjálfveitta áverka, heldur bendir hún til þess að vera afleiðing aðsóknar annars manns.“

9.

L rannsóknarlögreglumaður stýrði rannsókn á vettvangi og liggur eftir hann vettvangsskýrsla 29. maí 2020, sem L staðfesti fyrir dómi. Þar segir að af ummerkjum að dæma hafi einn eða fleiri einstaklingar gengið um húsnæðið og meðal annars farið inn á tvö salerni. Á gólfi annars þeirra voru blóðdropar, líkt og blætt hafi úr einhverjum og blóðkám var á vöskum beggja salerna. Á ganginum þar sem brotaþoli fannst var mikið blóð á gólfi og blóðkám á veggjum, en ekki blóðslettur sem gæfu til kynna átök. Búið

hafi verið að þrífa herbergi nr. 2 að einhverju leyti og henda glerbrotum af tveimur áfengisflöskum og blóðugri, samanbrotinni gólfmottu í ruslagám fyrir utan húsið. Sökum þessa væri ekki hægt að útiloka að átök hafi átt sér stað í herberginu þótt verksummerki bentu ekki til þess. Í herberginu fannst blóðugt glerbrot og blóðugur eldhúspappír í rúmi, blóðugt handklæði á stól og blóðugur eldhúspappír í ruslafötu. Engin vopn fundust á vettvangi, en glerbrotum gæti hafa verið beitt í átökum.

Fyrir liggur ljósmynd af 180 x 120 cm gólfmottu, sem sýnir tvo blóðbletti og blóðtauma liggja út frá hvorum bletti um sig. Samkvæmt skýrslu M hjá tæknideild lögreglu, sem hann staðfesti fyrir dómi, mun annar blóðbletturinn vera smit frá hinum og hafa myndast þegar mottan var brotin saman. Tekin hafi verið tvö blóðsýni úr mottunni, annað úr frumblóðblettinum og hitt af öðrum stað, og sýnin send til DNA greiningar hjá Nationellt Forensiskt Centrum í Svíþjóð ásamt samanburðarblóðsýni úr brotapolu. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna eru yfirgnæfandi líkur á því (að minnsta kosti 1.000.000/1) að sýnin úr mottunni séu með sama DNA snið og blóðsýnið úr brotapolu.

Loks liggur fyrir upplýsingaskýrsla tæknideildar lögreglu 13. nóvember 2020, en samkvæmt henni var óskað eftir álitum tæknideildar á því „hvort líklegt sé að brotapolu hafi verið færður úr stað eftir árásina eða hvort árásin hafi átt sér stað þar sem komið var að honum.“ Segir um þetta í skýrslunni að ekki sé hægt að fullyrða hvort „árásin hafi átt sér stað þar sem komið var að brotapolu eða annars staðar“.

Af framangreindum lögregluskýrslum verður ekki séð að rannsakað hafi verið úr hverjum blóðið kom sem fannst á gólfi, veggjum og salernum utan herbergis nr. 2. Lögregla innsiglaði báðar hurðir að herberginu í lok vettvangsrannsóknar.

Ákærði X sat í gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins frá 24. apríl til 5. maí 2020, en frá þeim degi hefur hann sætt farbanni.

## *II. - Skýrslugjöf ákærðu og Z hjá lögreglu.*

### *1.*

Ákærði X var yfirheyrður 24. apríl eftir dvöl í fangageymslu. Hann kvaðst vera hinn eiginlegi brotapolu í málinu og greindi frá því að kvöldið áður hafi hann og Z boðið ákærða Y og brotapolu heim og þeir verið að drekka vodka og hafa gaman. Ákærði hafi svo brugðið sér fram á salerni. Þegar hann kom til baka hafi Y legið á herbergisgólfinu eftir högg frá brotapolu. Ákærði hafi sagt honum að láta Y í friði og ef hann vildi slást ætti hann að slást við jafningja sinn, þ.e. ákærða. Í kjölfarið hafi þeir tveir stigið út fyrir

hús og tekist á skamma stund. Ákærði kvaðst ekki muna hvort hnefar hafi farið á lofti í þeim átökum. Þeir hafi síðan snúið til baka í herbergi ákærða, hann sest á rúmið sitt, brotapolí gripið tvær flöskur, brotið þær og því næst ráðist á ákærða og veitt honum fjölda áverka með flöskubrotunum. Ákærði hafi svo náð glerbrotunum af brotapolá, hann þá gripið til hnífs, reynt að stinga ákærða og veitt honum skurðáverka á kvið. Við svo búíð hafi ákærði náð að ýta brotapolá út úr herberginu og fram á gang. Þar hafi átök haldið áfram og ákærði stjakað kröftuglega við brotapolá með þeim afleiðingum að hann féll aftur fyrir sig. Ákærði kvaðst ekki hafa séð hvort brotapolí skall með höfuðið í gólfið og ekki hugað að honum, enda reiður yfir framferði hans. Ákærði kvaðst hafa verið allur í blóði eftir árás brotapolá og því farið inn á salerni til að þrifa sig. Þegar hann hafi komið til baka hafi B nágrannakona hans boðist til að hlúa að sárum hans og plástra þau. Á sama tíma hafi Z verið að þrifa herbergi þeirra. Eftir aðhlyningu B hafi ákærði gengið inn í herbergið og farið að sofa og ekki vitað af sér fyrr en lögregla kom á staðinn. Hann kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis um nóttina en þó muna eftir öllum atvikum.

Ákærði gaf aðra skýrslu 28. apríl. Hann áréttaði fyrri framburð og lýsti átökum við brotapolá fyrir utan [...] á þann veg að um ryskingar hafi verið að ræða og þeir hvorki slegið né sparkað í hvorn annan. Þeir hafi ekki náð að útkljá sín mál og farið ósáttir inn í herbergi ákærða. Þar hafi brotapolí gripið tvær tómar vodkaflöskur, brotið þær og veist að ákærða með flöskubrot að vopni. Ákærði kvað vel geta verið að brotapolí hafi dottið á hurðarkarm þegar ákærði ýtti honum út úr herberginu. Eftir að brotapolí féll á ganggólfið hafi hann velst um, ákærði sagt honum að hann kæmi ekki aftur inn, ákærði við svo búíð gengið inn í herbergið og lokað dyrunum. Nokkrum mínútum síðar hafi hann farið fram á baðherbergi með handklæði til að þrifa sár sín. Brotapolí hafi þá enn verið að veltast um á gólfinu, ekki getað staðið upp og ákærði sagt honum að koma sér heim. Ákærði kvaðst hafa séð blóð á brotapolá, sagði það hafa verið blóð úr sér og ekki áttað sig á að brotapolí væri slasaður heldur talið að hann væri bara ofurölvi. Hann kvaðst hafa sagt B nágrannakonunni frá því að brotapolí hefði ráðist á hann með hnífi og flöskum. Ákærði sagði að hnífurinn sem brotapolí greip til hafi verið á skáp nálægt herbergishurðinni, lýsti hnífnum sem stórum eldhúshnífi og sagðist ekki vita betur en að hnífurinn væri á heimili hans. Ákærði taldi brotapolá hæglega hafa getað drepið hann með hnífnum og hefði ákærði ekki gert annað en að verja sig. Nánar aðspurður um meinta árás brotapolá á ákærða Y áréttaði ákærði að hann hafi ekki séð brotapolá slá Y, en Y legið á herbergisgólfinu með áverka á enni þegar ákærði kom inn í herbergið eftir ferð á

salerni. Hann kvaðst hafa þekkt brotapolu í 30 ár, sagði aldrei áður hafa komið til ósættis milli þeirra og ekki vita hvað kom yfir brotapolu í þetta sinn.

Ákærði gaf þriðju skýrslu sína 11. nóvember. Aðspurður um gólfmottuna sem fannst í ruslagáminum sagði ákærði að hún hefði átt að vera undir sófaborði í miðju herberginu og taldi að Z hljóti að hafa hent henni í gáminn þegar hann þreif herbergið.

## 2.

Ákærði Y var yfirheyrður 24. apríl eftir dvöl í fangageymslu. Hann kvaðst ekki hafa tekið þátt í slagsmálum kvöldið áður og ekki hafa veitt brotapolu áverka. Hann kvaðst hafa verið að hitta brotapolu í fyrsta sinn, sá komið í heimsókn til ákærða X og Z, þeir verið að fagna nafnaafmæli Z og allt verið í góðu. Ákærði hafi drukkið hálfan lítra af vodka, „dottið út“ einhvern tíma kvölds og mundi næst eftir sér á lögreglustöð. Hann kvaðst ekki hafa verið með áverka á höfði þegar þeir byrjuðu að drekka og taldi sig hljóta að hafa dottið um kvöldið. Hann kvaðst hafa farið á salerni einhvern tíma kvölds og séð brotapolu liggjandi á gólfinu, annað hvort á salerninu eða á herbergisganginum. Brotapoli hafi verið blóðugur og ekki svarað kalli, ákærði reynt að reisa hann á fætur en ekki getað það og farið aftur inn í herbergi nr. 2.

Ákærði gaf viðbótarskýrslu gegnum síma 24. október 2020. Áður en skýrslugjöf hófst var ákærða kynnt vitnaskylda og vitnaábyrgð og „áminntur um að skýra satt og rétt frá að viðlagðri refsíabyrgð“. Í framhaldi kvaðst ákærði ekki muna eftir átökum milli brotapolu og ákærða X. Hann kvaðst hafa verið mjög ölvaður umrætt sinn og ekki vita hvernig hann hlaut áverka á höfði. Ákærði bar með líkum hætti um að hafa séð brotapolu liggjandi frammi á gangi, ákærði reynt að hjálpa honum, það ekki gengið og hann því farið inn í herbergi nr. 2. Þegar þetta gerðist hafi einhverjir aðrir verið að stumra yfir brotapolu. Vissi ákærði ekki hverjir þetta voru.

## 3.

Z var yfirheyrður 24. apríl eftir dvöl í fangageymslu. Hann kvaðst hafa verið að fagna nafnaafmæli sínu með ákærðu X og Y og brotapolu, sem væri vinur hans og vinnufélagi. Þeir hafi drukkið áfengi, allt gengið vel og ekkert ósætti komið upp á milli manna. Eftir einhvern tíma hafi hinir þrír farið út úr herberginu, Z ekkert spáð í það, enda þreyttur, þurft að vakna til vinnu daginn eftir og því farið að sofa. Hann hafi vaknað einhverju seinna og þurft að fara á salerni, hann því farið fram og séð hvar brotapoli lá á bakinu í blóði sínu. Z kvaðst hafa hugað að honum ásamt E nágretta sínum, þeir áttað

sig á að brotapolí svaraði ekki áreiti, snúið honum á hliðina svo hann myndi ekki kafna og E því næst hringt í Neyðarlínuna.

Z gaf viðbótarskýrslu 24. október 2020. Áður en skýrslugjöf hófst var Z kynnt vitnaskylda og vitnaábyrgð og „áminntur um að skýra satt og rétt frá að viðlagðri refsíábyrgð“. Í framhaldi sagði Z að þegar hann sneri til baka í herbergi nr. 2, eftir að hafa verið á klósettinu, hafi hann verið einn í herberginu, séð glerbrot, flöskur og leirtau ásamt blóði, ákveðið að taka til og hent blóðugri mottu og glerbrotum. Ákærði X hafi svo komið inn og verið allur í skurðum, sem nágrannakona þeirra hafði sett umbúðir yfir. Eftir þetta hafi Z farið að sofa og einhverju síðar vaknað við bank á hurðina. Var þá kominn nágranni þeirra, sem benti Z á að einhver lægi á gólfinu frammi á gangi.

### *III. - Skýrslugjöf brotþola og annarra vitna hjá lögreglu.*

#### 1.

Brotþoli gaf skýrslu 11. maí 2020. Hann sagði að sér hefði verið boðið heim til Z að [...] og hitt þar ákærða X, sem hann þekkti fyrir og ákærða Y, sem hann hafði ekki séð áður. Brotþoli kvað þá hafa fengið sér í glas, en mundi að öðru leyti ekkert eftir því sem þar gerðist. Breytti engu þótt yfirheyrandi bæri undir brotþola framburð ákærða X og fleiri fyrirbyggjandi upplýsingar.

Brotþoli gaf aðra skýrslu 23. september og sagði atvik í engu hafa rifjast upp. Hann sagði fjórmenningana hafi verið að drekka vodka í herbergi Z, brotþoli verið hvattur til drykkju og eftir það myndi hann ekki neitt fyrir en hann vaknaði á sjúkrahúsi.

#### 2.

B gaf skýrslu hjá lögreglu 29. apríl og 29. september 2020. Hún kvaðst hafa verið heima og í herbergi sínu nr. 3 þegar hún heyrði læti frammi á gangi. Ákærði X hafi svo knúið dyra, hann verið blóðugur og með mikla áverka á líkama og höfði, hún boðið honum inn og gert að sárum hans með plástrum. Að sögn ákærða hefði einhver ráðist á hann með flösku og hann reynt að verja sig. Henni hafi skilist að upphaf átakanna hafi verið deilur um Guð. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við átök, en séð mann liggjandi frammi á gangi, ekki séð áverka á honum, talið hann sofa áfengisdauða og því ekki skipt sér af honum. Nánar aðspurð um manninn á ganginum kvaðst B hafa séð hann þar skömmu áður en X kom yfir í herbergi hennar og fékk aðhlyningu. Hún hafi þá vitað af áverkum ákærða, ætlað að fara með sáraumbúðir yfir til hans, því C sambýlismaður hennar þoli ekki að sjá blóð, hún því farið fram á gang og séð manninn á gólfinu fyrir

framan herbergi 2. Opið hafi verið inn í herbergið og B séð Z bogra þar inni, eins og hann væri að þrifa. Eftir þetta hafi ákærði X komið yfir í hennar herbergi og hún gert að sárum hans.

3.

C gaf skýrslu hjá lögreglu 28. maí og 29. september 2020. Hann kvaðst hafa farið yfir í herbergi nr. 2 um kl. 20 að kvöldi 23. apríl og heilsað upp á ákærða X og Z, sem var að halda upp á nafnaafmæli sitt. Auk þeirra hafi ákærði Y og brotþoli verið á staðnum. C hafi svo snúið aftur í herbergi sitt og B og þaðan heyrt samtöl manna og hlátrasköll. Um tveimur klukkustundum síðar hafi C brugðið sér út fyrir hús til að reykja og þá séð ákærða X reykjandi að húsabaki, nálægt ruslagámi sem standi fyrir utan herbergi ákærða og sé inngengt þangað frá gámnum. Ákærði hafi verið með skurð á höku og stóran skurð á kvið og C spurt hvað komið hefði fyrir. Ákærði hafi svarað því til að hann hefði verið skorinn með flösku. Hann hafi ekki viljað fá lækni eða sjúkrahús og C því boðið honum að kíkjast við hjá sér og B og fá plástra á sárin. C hafi svo snúið til baka í herbergi sitt, farið þaðan inn á salerni í sjokki og dvalið þar allengi. Hann kvaðst á engum tímamarki hafa greint rifrildi úr herbergi 2, en einhvern tíma kvölds heyrt skell eða læti sem hann kippti sér ekki upp við, enda algengt að hljóð bærust frá því herbergi. C kvaðst ekki hafa séð brotþola á ganginum fyrir framan herbergin og staðhæfði að brotþoli hafi ekki legið þar þegar C kom inn eftir smókinn og samtalið við ákærða X. Lögregla hafi ekki komið á staðinn fyrr en um 60-90 mínútum síðar.

#### *IV. - Framburður ákærðu fyrir dómi.*

Fyrir dómi greindi ákærði X frá atvikum á sama veg og hjá lögreglu í öllum meginatriðum. Ákærði var afdráttarlaus um það að hann og brotþoli hefðu ekki skipst á höggum þegar þeir stigu út fyrir húsið til að jafna ágreining vegna atlögu brotþola að ákærða Y, þeir enga áverka hlotið og ákærði gengið aftur inn í herbergi nr. 2 á undan brotþola. Þar hafi ákærði strax sest á rúm, ber að ofan, og brotþoli í beinu framhaldi þrifið tvær áfengisflöskur, brotið þær, veist að ákærða í rúminu með glerbrot í báðum höndum og skorið vinstri vanga hans og höku. Kvaðst ákærði hafa óttast um líf sitt og taldi að ef hann hefði ekki brugðist til varna hefði brotþoli skorið hann á háls. Ákærði hafi því slegið og sparkað frá sér eins og hann gat, tók fram að herbergið væri lítið og erfitt um vik að verjast árásinni, og útilokaði ekki að hafa slegið brotþola í andlitið á þessum tímamarki. Ákærði hafi svo komist á fætur, brotþoli í framhaldi skorið hann

víðs vegar um líkamann og ákærði náð að ýta honum í átt að dyrunum fram á gang, án þess að greiða honum högg. Átökin hafi svo borist að dyrunum, brotaþoli gripið þar hníf við vask í eldhúsinnréttingu, veist að ákærða og reynt að stinga hann en ákærði náð að víkja sér frá og í staðinn hlotið skurð ofarlega á kvið. Benti ákærði sérstaklega á þann áverka í ljósmyndamöppu lögreglu. Hann kvaðst hafa varist hnífaárásinni með því að ýta fast við brotaþola með báðum höndum og þannig náð honum út úr herberginu. Taldi ákærði að brotaþoli kunni að hafa slegið höfðinu í dyrakarm á leiðinni út, en kvaðst þó ekki hafa séð það gerast. Brotaþoli hafi svo fallið á gólfið á ganginum, ákærði ekki séð hvernig hann datt og lokað herbergisdyrnum.

Ákærði kvaðst skömmu síðar hafa farið fram á baðherbergi til að þrifa sár sín og hafi brotaþoli þá legið á gólfinu, blóð lekið úr nefi hans og hann hreyft sig til og hrotið. Ákærði hafi því haldið að allt væri í lagi og brotaþoli bara sofandi, enn verið reiður út í brotaþola vegna framferðis hans, því ekki hugað nánar að honum, heldur sagt honum að fara heim og snúið aftur inn í herbergi sitt. Þar hafi ákærði opnað bakdyr út í ruslaport, kveikt sér í sígarettu og staðið í dyragættinni þegar hann sá C nágranna sinn fyrir utan að reykja. C hafi spurt hvort ákærði þyrfti ekki að fá sjúkrabíl eða láta B sambyliskonu hans búa um sárin. Kvaðst ákærði hafa verið í sjokki eftir árás brotaþola, hann því afþakkað sjúkrabíl, en farið til B, hún sett plástra á sár hans og ákærði þá sagt henni í stórum dráttum frá atlögu brotaþola.

Ákærði sagði árás brotaþola og átök þeirra í milli ekki hafa staðið lengur en í mínútu. Á meðan hafi Z og ákærði Y setið á spjalli við sófaborð í herberginu og taldi ákærði víst að þeir hafi séð átökin frá upphafi til enda. Þegar ákærði hafi síðan snúið til baka frá baðherberginu hafi mennirnir setið á sama stað og Z skömmu síðar byrjað að þrifa herbergið og henda glerbrotum og öðru út í ruslagám. Ákærði sagði blóðugu gólfmottuna hafa verið undir sófaborðinu umrætt kvöld, kvaðst ekki kunna skýringu á því af hverju blóð úr brotaþola hafi greinst í mottunni, en sagði það mögulega hafa gerst þegar brotaþoli veittist að honum með glerbrotum.

Ákærði kvaðst ekki vita hve langur tími leið frá því að hann sá brotaþola liggjandi á ganginum og þar til lögregla kom á staðinn, en giskaði á 25-30 mínútur. Hann kvaðst ekki hafa hreyft við brotaþola á ganginum og ekki vita til þess að aðrir hafi fært hann úr stað. Ákærði kvaðst á engum tímamarki hafa greint lögreglu frá því að hann kynni hnefaleika, MMA bardagalist eða aðrar sambærilegar íþróttir og sagði slíkt tal byggt á misskilningi Hið rétta væri að hann og félagar hans hafi umrætt kvöld horft á „box“ í

sjónvarpinu. Ákærði kvaðst hvorki hafa hlotið herþjálfun né kynni hann nokkuð fyrir sér í fyrstu hjálp. Aðspurður kvaðst hann vera 172 cm á hæð og hafa vegið um 120 kíló í apríl á síðasta ári.

Ákærði Y kvaðst fyrir dómi hafa drukkið allt of mikið umrætt sinn og ætti því bara örfá minningabrot um atburði kvöldsins. Hann kvaðst ekki vita hvernig hann fékk sína áverka, ekki minnst átaka milli brotaþola og ákærða X og ekki vita til þess að þeir hafi farið saman út úr herberginu. Þá kvaðst hann ekki minnst þess að hafa verið handtekinn af lögreglu en myndi eftir sér á lögreglustöð. Hann kvaðst eiga minningu um að hafa farið fram á baðherbergi einhvern tíma kvölds, þá séð einhvern liggjandi á gólfinu fyrir framan herbergi nr. 2 og haldið að sá væri ofurölvi. Hann kvaðst ekki hafa áttað sig á því að þetta væri brotaþoli og minnti að einn eða tveir einstaklingar hafi staðið yfir mannum og verið að stumra yfir honum. Borinn var undir ákærða sá framburður hans hjá lögreglu að hann hafi reynt að hjálpa brotaþola og reisa hann á fætur og kvaðst hann ekki eiga minningu um þetta.

#### *V. - Framburður vitna fyrir dómi.*

Brotaþoli kom fyrir dóm og kvaðst sem fyrr ekki eiga neina minningu um atburði kvöldsins frá þeim tíma er hann kom heim til Z og ákærða X og þeir hófu þar drykkju með ákærða Y. Hann sagðist búa við minnistap og svima eftir atburði kvöldsins og oft vera illt í höfðinu. Eftir útskrift af LSH í Fossvogi hafi hann legið á Grensásdeild í viku og síðan mætt þangað alla virka daga í einhvern tíma á eftir. Honum hafi verið ráðlagt að fara í endurhæfingu og sund, hann þó enn ekki látið verða af slíku, en væri undir eftirliti lækna og viti ekki um batahorfur. Brotaþoli sagði andlega líðan ekki góða og hann meðal annars hafa hugleitt sjálfsvíg. Hann hafi verið í vinnu þegar atvik gerðust en frá sama tíma verið óvinnufær og væri í bígerð að hann færi í endurhæfingu hjá VIRK. Hann kvaðst hvorki hafa hlotið herþjálfun né kunna skil á bardagaþróttum, sagðist 170 cm á hæð, en ekki vita hversu þungur hann væri.

C bar fyrir dómi að hann hafi kíkt yfir í herbergi nr. 2 og óskað Z til hamingju með nafnaafmælið. Hann kvaðst ekki geta staðfest hvenær kvölds þetta hafi verið en þá hafi allt verið rólegt, mennirnir fjórir setið við sófaborð og verið að borða og drekka. C hafi verið allsgáður og afpakkað boðinn drykk. Um það leyti sem hann ætlaði að fara að sofa hafi hann heyrt raddir berast frá herberginu, sagði þetta hafa byrjað sem „partihljóð“, en síðan hafi heyrst dynkur, eins og eitthvað dytti, og hann heyrt einhvers konar

glerhljóð. Eftir þetta hafi C farið út að reykja, líklega um kl. 22:30, og þá séð ákærða X í svaladyrum herbergis nr. 2. Ákærði hafi verið blóðugur og með skurði á líkamanum, C spurt hverju það sætti og ákærði sagst hafa orðið fyrir árás með flöskubrotum. Hann hafi afþakkað sjúkrabíl, en fallist á að fara inn í herbergi C og B og fá hana til að hlúa að sárum hans. C kvaðst ekki hafa orðið vitni að samskiptum hennar og ákærða þar sem honum hafi orðið óglatt við að finna lyktina af áfengi og blóði ákærða og því farið inn á baðherbergi og kastað upp. C staðhæfði að þegar hann fór út að reykja hafi enginn legið á ganginum fyrir framan herbergi nr. 2 og hafi það verið óbreytt þegar hann sneri til baka í herbergi sitt. Hann sagði ákærða X síðar hafa sagt honum að brotapolí hefði einnig veist að honum með hnífi.

B bar að hún hafi verið heima í herbergi nr. 3 þegar C kom inn til að sækja plástra fyrir ákærða X, sem væri blóðugur og segði það eftir árás með flösku og hnífi í herbergi 2. C hafi átt erfitt með að sjá blóð, hann því farið fram á baðherbergi, ílengst þar, og B ákveðið að best væri að hún færi sjálf með plástrana til ákærða. Þegar hún fór fram hafi hún séð brotapolá liggjandi á ganggólfinu á móts við herbergi 4, hann legið á hliðinni, snúið andliti að hurð nr. 4 og hreyft sig til á gólfinu. B kvaðst hafa verið allsgáð og sagði ekki hafa hvarflað að sér að brotapolí væri slasaður eða að eitthvað væri að. Hún kvaðst á sama tíma hafa séð inn í herbergi 2, ákærði X þá verið að reykja í svaladyrunum og Z að tína eitthvað upp af gólfinu við eldhúsinnréttingu. Hún hafi fengið sjokk þegar hún sá skurðáverka ákærða, ítrekað boðið honum að fá plástra á sárin en hann afþakkað og hún því farið aftur inn til sín. Einhverju síðar hafi ákærði komið til hennar, þá verið búinn að þrifa af sér blóð og sagst þiggja plástra. Hún hafi sett umbúðir á sárin, spurt hvað gerðist, ákærði svarað því til að brotapolí hafi ráðist á hann með flösku og hnífi og sagt upptökin tengjast rifrildi brotapolá og ákærða Y um Guð. B kvaðst einhvern tíma fyrir um kvöldið hafa heyrt „högg“ hljóð frá herbergi 2 og hljóð eins og eitthvað væri fært til.

F bar að hann hafi á umræddum tíma búið í herbergi 12A, farið inn á baðherbergi við hliðina og séð blóð í vaskinum. Þangað hafi komið ákærði Y, með áverka á höfði, „svo fullur að hann vissi ekki hvar hann var“ og ekki unnt að tala við hann. F hafi því farið til að athuga hvað hefði gerst og þá séð brotapolá liggjandi blóðugan á ganginum, ýtt aðeins við honum og reynt að ná sambandi við hann, ekki fengið nein viðbrögð og því strax hringt í Neyðarlínuna. Þegar hann hafi verið að stumra yfir brotapolá hafi Z komið fram úr herbergi nr. 2 en ekkert aðhafst, enda ofurölvi eins og ákærði Y. F kvaðst hafa verið allsgáður þetta kvöld.

Ákærvaldið leiddi fyrir dóminn átta lögreglumenn sem komu að málinu, þar á meðal D, G, L og M, sem áður er getið. Er ekki ástæða til að rekja vitnisburð þeirra framur því sem hér segir. Fram kom í vætti G að auk tungumálaerfiðleika hafi hinir þrír grunuðu verið svo ölváðir að nær ógerlegt hafi verið að ræða við þá, sér í lagi ákærða Y. Ákærði X hafi þó með látbragði gefið til kynna box eða MMA, sem skýringu á því sem gerðist. L bar að frásögn ákærða X um að gólfmottan hafi verið undir sófaborði herbergisins umrætt kvöld bendi til þess að brotþoli hafi hlotið áverka sína inni í herberginu. L sagði ekki hafa verið kannað hvort flöskubrotin sem fundust í ruslagámi fyrir utan hafi verið áfengisblaut, sagði þau ekki hafa fundist í sama gámi og gólfmottan og að glerbrotin gætu stafað frá öðru herbergi. Hann játti rétt að flest brotin hafi verið undan Gordon's ginflösku og sagði lögreglu ekki hafa gert heildstæða leit í öllum gámum fyrir utan húsið. N rannsóknarlögreglumaður stýrði yfirheyrslum yfir ákærðu og vitnum. Hann kvaðst ekki kunna skýringu á því af hverju lögregla gerði ekki leit að hnífi í herbergi nr. 2 eftir að ákærði X greindi frá því að brotþoli hefði ráðist á hann með hnífi.

Ákærvaldið leiddi einnig fyrir dóm læknana H, J og I, sem fyrr eru nefndir. Er ekki ástæða til að rekja vitnisburð þeirra í löngu máli. Þó kom fram af hálfu H að sumir skurðir á líkama ákærða X væru „meira eins og eftir hníf“, en að glerbrot gætu þó hæglega hafa valdið sömu ákomum á líkama hans. J áréttaði að brotþoli hafi verið í lífshættulegu ástandi við komu á LSH og að miklar líkur væru á að hann hefði dáið ef ekki hefði komið til bráðaaðgerðar á höfði. J sagði heilablæðinguna hafa verið ferska og án efa nýlega. Hann kvaðst hafa útskrifað brotþola í maí 2020 og ekki vita hvernig honum hafi síðan reitt af.

K réttarmeinafræðingur bar fyrir dómi að ekkert bendi til þess að meira en „einn kraftur“ hafi valdið þeim lífshættulegu höfuðkúpu- og heilaáverkum sem lýst er í matsgerð um brotþola. Hann sagði áverka á nefi brotþola tengjast öðru, aðskildu áverkakerfi og gæti sá áverki hæglega hafa orðið til við einn kraft eða ákomu. Hann taldi afar langsótt að nefáverkinn hafi orsakast við fall á gólf, nema þá að viðkomandi myndi í framhaldi velta niður stiga eða slíkt, og taldi yfirgnæfandi líkur á að um tvær ákomur væri að ræða, annars vegar fall á hnakka og hins vegar högg á nef. Sagði K nefbrot brotþola „klassískt“ fyrir hnefahögg. Hann bar og að þungi fallsins á gólf bendi ekki til þess að brotþoli hafi rekist í neitt á leiðinni niður, s.s. kómmóðu, vegg eða hurðarkarm. Hann kvað þó ekki útilokað að nefáverkinn hafi orsakast við skell af „offorsi“ á hurðarkarm, en taldi slíkt fremur langsótt.

K voru sýndar litmyndir af blóðugu gólfmottunni og hann beðinn álit á því hvaðan úr líkama brotaþola umrætt blóð gæti hafa komið. K sagði ekki á sínu sérsviði að draga ályktanir af blóðblettum og hvort blóð sem fannst í mottunni kæmi frá hlust (eyra) brotaþola eftir hnakkaáverkann eða frá nefi, sagði þó ólíklegt að mikið blóð myndi renna frá hlust en tölvuvert meira blóðmagn gæti runnið frá nefi, enda brotaþoli með „ekta nefbrot“ og því mætti vænta „safaríkrar blæðingar“ þaðan. Hann kvaðst ekkert geta fullyrt um kraft að baki nefáverkanum en svo virtist sem krafturinn hafi komið frá hlið, frekar en beint framan á nef brotaþola.

K kvaðst aðeins hafa skoðað og metið áverka ákærða X út frá ljósmyndum, sagði áverkana keimlíka og bera mjög yfirbragð af árás með brotinni flösku. Þó væri ekki unnt að útiloka að ákærði hafi einnig verið skorinn með hnífsoddi og sagði K í því sambandi: „Það má vel vera“. Hann bar að skurðir á líkama ákærða hafi ekki virst mjög djúpir en þó ljóst að í mörgum áverkanna væri „klár stunguþáttur“, eins og eftir hliðlægur skurðhreyfingar. K voru sýndar tvær ljósmyndir úr myndamöppu lögreglu, af sári sem ákærði sagði fyrir dómi að væri af völdum hnífs. K taldi umræddan áverka ólíkan þeim sem vænta megja frá hnífi og benti á að áverkinn væri bogadreginn og hefði sömu hvössu, samsíða þætti og aðrir áverkar. Nánar aðspurður sagði K að sumir áverkar á bol ákærða séu líklegri til að stafa frá hnífi en flöskubroti, þó ekki skurðurinn á höku. Hann sagði að fáeina þætti í áverkamyndinni „væri hægt að skýra með stungu og skurði með hnífi“, án þess að líklegra sé að hnífi hafi verið beitt, sagði að þetta væru skarpir áverkar, þeim valdið með egghvössu áhald „og einhverjir þeirra gætu skýrst með einfaldara áhaldi svo sem hnífi“ en í höfuðdráttum væri áverkamyndin með samsíða þáttum sem myndi krefjast flóknara áhalds. K bar að fjöldi og dreifing áverkanna bendi eindregið til markvissrar árásar á ákærða og sé ekkert sem styðji það að hann hafi veitt sér áverkana sjálfur.

Við aðalmeðferð máls fóru dómendur ásamt sakflytjendum og ákærða X á vettvang að [...].

#### *VI. - Niðurstaða.*

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má þeim í óhag á ákæruvaldinu og verða þeir því aðeins sakfelldir að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. Metur dómari

enn fremur, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laganna gildir og sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

1.

Ákærða X er í fyrri lið ákæru gefin að sök stórfelld líkamsárás að [...] fimmtudagskvöldið 23. apríl 2020 „með því að hafa utan við og inni í húsnæðinu“ veist að brotþola og veitt honum að minnsta kosti eitt högg á höfuð og hrint honum með þeim afleiðingum að brotþoli féll aftur fyrir sig og skall í gólfið, allt með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru.

Í málinu liggur fyrir að ákærðu, Z heitinn og brotþoli voru að halda upp á nafnaafmæli Z í herbergi hans og ákærða X nr. 2 og urðu ölvaðir er leið á kvöldið. Samkvæmt vitnisburði C, sem bjó í herbergi 3 við hliðina, leit hann inn til fjórmeninganna, eftir því sem næst verður komist um kl. 20, og fór þá vel á með mönnunum. Eftir það er tímasetning atvika óljós þar til annar íbúi í húsinu, F, tilkynnti til Neyðarlínunnar kl. 23:22 að brotþoli lægi ósjálfbjarga á ganginum fyrir utan herbergi nr. 2. Lögregla var kvödd á staðinn kl. 23:35 og má ætla að fyrstu lögreglumenn hafi komið á vettvang skömmu síðar. Á þeim tímapunkti sváfu ákærði Y og Z ölvunarsvefni inni í herberginu. Þeir voru handteknir ásamt ákærða X og færðir á lögreglustöð. Segir í lögregluskýrslum að við komuna þangað hafi ákærði X og Z verið áberandi ölvaðir og ákærði Y mjög ölvaður. Í blóði ákærða X mældist etanólmagn 1,60 % og í blóði ákærða Y 2,65 %. Z færðist undan að gefa blóðsýni og er því minna vitað um ölvunarástand hans. Í blóði brotþola mældist etanólmagn 2,40 %.

Brotþoli á engar minningar um atvik kvöldsins. Nýtur því ekki framburðar hans um sakarefni máls og ekki er hald í frásögn Z hjá lögreglu um samskipti brotþola og ákærða X. Þá hefur ákærði Y borið fyrir sig nær algert minnisleysi um atburði kvöldsins og ekkert sagt sem varpað gæti ljósi á samskipti brotþola og ákærða X. Er ákærði X því einn til frásagnar um hvað honum og brotþola fór á milli um kvöldið. Hefur framburður ákærða verið stöðugur um það að brotþoli hafi stofnað til ágreinings við ákærða Y og veitt honum áverka í andliti á meðan ákærði skrapp á salerni á öðrum stað í húsinu, að í framhaldi hafi ákærði og brotþoli stigið út fyrir hús gegnum svaladyr á herbergi 2 til að jafna þann ágreining, þeir tekist þar á, án þess að hljóta áverka og snúið ósáttir til baka

inn í herbergið. Er ekkert fram komið í málinu sem veikir þennan framburð ákærða og verður hann því lagður til grundvallar.

Ákærði hefur einnig verið stöðugur í þeim framburði að eftir að hann og brotaþoli komu aftur inn í herbergið hafi ákærði sest á rúm, ber að ofan, brotaþoli í beinu framhaldi þrifið tvær áfengisflöskur og brotið þær, veist að ákærða með flöskubrot í báðum höndum og veitt honum skurðáverka. Samkvæmt matsgerð K réttarmeinafræðings og vitnisburði hans fyrir dómi er engum vafa undirorpið að ákærði hlaut skurðáverka sína af völdum árásar annars manns. Að því virtu, sem og öðru sem að framan er rakið, er ekkert fram komið sem veikir síðastgreindan framburð ákærða og ber því að leggja hann til grundvallar við úrlausn málsins. Verður þannig við það miðað að brotaþoli hafi átt upptökin að þeim átökum er urðu á milli hans og ákærða X í herbergi nr. 2.

Fyrir dómi lýsti ákærði atvikum á þann veg að brotaþoli hafi veitt honum fyrstu skurðáverkana á vinstri vanga og höku á meðan ákærði sat á rúminu, hann óttast að brotaþoli skæri hann á háls og því brugðist til varnar með því að slá og sparka frá sér og gæti þá hafa slegið brotaþola í andlitið. Ákærði hafi svo komist á fætur, atlagan haldið áfram og brotaþoli skorið hann víðsvegar um líkamann, ákærði ýtt honum frá og átökin borist að herbergisdyrunum, brotaþoli gripið þar hníf úr eldhúsinnréttingu, veist að ákærða með hnífnum og skorið hann ofarlega á kvið. Ákærði hafi þá ýtt kröftuglega við brotaþola með báðum höndum og þannig náð honum fram á gang þar sem brotaþoli féll við og hafnaði á gólfinu fyrir framan herbergið. Ákærði taldi brotaþola kunna að hafa slegið höfðinu í dyrakarm á leið út úr herberginu en kvaðst ekki hafa séð það gerast. Er þessi framburður ákærða samhljóða frásögn hans hjá lögreglu í öllum meginatriðum.

Fyrir liggur að lögregla innsiglaði herbergi nr. 2 að lokinni vettvangsrannsókn árla morguns 24. apríl. Er ekki vitað hve lengi sú ráðstöfun hélst og hvenær Z heitinn fékk heimild til að fara þangað inn, en eins og áður segir sat ákærði X í gæsluvarðhaldi til 5. maí. Ákærði greindi frá því strax við yfirheyrslu 24. apríl að brotaþoli hefði ráðist á hann með hnífi og veitt honum áverka á kvið. Ákærði bar með líkum hætti í viðtali við H lækni á LSH, en þangað færðu tveir lögreglumenn hann til skoðunar að lokinni fyrstu yfirheyrslu. Ákærði greindi frá hinu sama við yfirheyrslu 28. apríl, gaf lögreglu greinargóða lýsingu á hnífnum og sagði hnífinn til staðar á heimili sínu. Þrátt fyrir þennan stöðuga framburð ákærða í upphafi rannsóknar gerði lögregla ekki rek að því að hafa uppi á meintum hnífi og rannsaka með tilliti til þess hvort á honum mætti finna fingraför

brotapola og lífsýni úr ákærða, eða eftir atvikum hrekja framburð ákærða um sagðan hníf. Ber ákæruvaldið hallann af sönnunarskorti, sem af þessu kann að leiða.

Fyrir dómi staðfesti H þá ályktun í framlögðu læknisvottorði að frásögn ákærða um líkamsárás með hnífi og brotinni flösku samsvari þeim áverkum sem H sá við skoðun. H bar að sumir skurðir á líkama ákærða væru „meira eins og eftir hníf“, en glerbrot gætu þó hæglega hafa valdið sömu ákomum.

Þá bar K réttarmeinafræðingur fyrir dómi að þótt skurðáverkar á líkama ákærða bæru mjög yfirbragð af árás með brotinni flösku væri ekki unnt að útiloka að ákærði hafi einnig verið skorinn með hnífsoddi og sagði að sumir áverkanna væru líklegri til að stafa frá hnífi en flöskubroti, þó ekki sá áverki sem ákærði sagði fyrir dómi að væri af völdum hnífs. K var sammála því sem fram kemur í læknisvottorði H að áverkar ákærða X hafi allir verið grunnlægir, þ.e. enginn þeirra náð niður í dýpri lög húðarinnar.

Dómurinn hefur gaumgæft ljósmyndamöppu lögreglu af áverkum ákærða og metið þá með hliðsjón af matsgerð og vitnisburði réttarmeinafræðingsins. Þótt K hafi ekki skoðað ákærða heldur lagt mat á áverka hans út frá ljósmyndum lögreglu telur dómurinn, sem skipaður er sérfróðum meðdómsmanni, að umræddar ljósmyndir séu skýrar og því megi með marktækum hætti leggja mat á áverka ákærða út frá þeim. Að þessu gættu er það álit dómsins að ekki sé hafið yfir skynsamlegan vafa að einn eða fleiri áverkar á líkama ákærða séu af völdum hnífs, þótt sá áverki sem hann benti sjálfur á fyrir dómi sé ólíklega af þeim toga. Þykir það eitt þó ekki draga úr trúverðugleika framburðar ákærða um að brotapolí hafi beitt hnífi gegn honum, enda vart við því að búast að ákærði viti nákvæmlega hvar hnífur hæfði hann í þeirri atburðarás sem ákærði hefur lýst, en samkvæmt framburði hans fyrir dómi leið ekki nema um mínúta frá því að brotapolí veittist fyrst að honum og þar til yfir lauk.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið þykir ákæruvaldið ekki hafa fært neitt það fram í málinu sem hnekkir eða veikir framburð ákærða um að brotapolí hafi veist að honum með hnífi í herbergi nr. 2. Ber því einnig að leggja þann framburð til grundvallar við úrlausn málsins, óháð því hvort ákærði hafi hlotið áverka af völdum hnífs, en eins og sakargögnum er farið verður engu slegið föstu í því sambandi.

Við rannsókn og dómsmeðferð málsins hefur engin einhlít skýring fengist á því af hverju blóð úr brotapolá fannst í gólfmottu herbergisins. Að því marki sem máli kann að skipta og með vísan til sönnunarreglna 2. mgr. 109. gr. laga um meðferð sakamála verður við það miðað að blóðið hafi komið úr nefi brotapolá, við högg frá ákærða X

þegar hann sat á rúmi sínu við upphaf atlögu brotaþola gegn honum. Þótt ekki sé unnt að segja til með vissu um þetta atriði eða aðra framvindu mála inni í herbergi nr. 2 verður samkvæmt framansögu að leggja til grundvallar við úrlausn sakarefnis samkvæmt fyrri lið ákæru að brotaþoli hafi veist að ákærða með flöskubrot að vopni, skorið hann víðsvegar um líkamann, í framhaldi gripið til hnífs og í það minnsta reynt að veita ákærða áverka með hnífnum. Atlögur af þessum toga eru ávallt stórhættulegar.

Af hálfu ákærða er því haldið fram að undir þessum kringumstæðum hafi hann brugðist til varnar, jafnvel slegið brotaþola í andlitið, og í beinu framhaldi af hnífaatlögu brotaþola við dyr herbergis nr. 2 ýtt kröftuglega við honum með báðum höndum með þeim afleiðingum að brotaþoli féll aftur fyrir sig, hafnaði á gólfi fyrir framan herbergið og hlaut þá áverka sem í ákæru greinir, hvort heldur með eða án þess að reka höfuð sitt utan í dyrakarm. Beri því að sýkna ákærða á grundvelli neyðarvarnarsjónarmiða 12. gr. almennra hegningarlaga.

Dómurinn telur vafalaust að brotaþoli hafi hlotið áverka sína af völdum ákærða. Er fallist á þá niðurstöðu K réttarmeinafræðings að yfirgnæfandi líkur séu á því að áverkarnir, sem greinast í tvö áverkakerfi, séu tilkomnir fyrir högg á tvö aðskilin svæði höfuðs, annars vegar höggs á nefsvæði andlits og hins vegar höggs á hnakkasvæði. Jafnframt er fallist á þá niðurstöðu að afar ólíklegt sé, miðað við höggþunga falls á hnakka og sannaðar afleiðingar af því falli, að brotaþoli hafi á leið í gólfið rekið andlitið utan í dyrakarm eða annað. Eins og sakargögnum er farið og miðað við dómsframburð ákærða X og sönnunarstöðu ákæruvaldsins verður þannig við það miðað að brotaþoli hafi hlotið nefáverkana við högg frá ákærða er hann sat í rúmi herbergis nr. 2 og hina lífshættulegu höfuðáverka við fall á hnakkann fyrir framan herbergið. Þessi ályktun dómsins breytir engu um það að háttsemi ákærða í heild fellur hlutrænt séð undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, enda beið brotaþoli stórfellt líkams- og heilsutjón af.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. hegningarlaganna er það verk refsilaust sem unnið er af neyðarvörn, að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til að verjast eða afstýra árás annars manns sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum sem séu augsýnilega hættulegri en árásin og það tjón sem af henni mátti vænta gaf ástæðu til. Þá segir í 2. mgr. 12. gr. að ekki skuli refsa þeim manni, sem farið hefur út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar samkvæmt 1. mgr., ef ástæðan er sú að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviða að hann gat ekki fullkomlega gætt sín.

Við mat á því hvort 12. gr. hegningarlaga geti leyst ákærða undan refsingu verður að meta aðstæður eins og þær horfðu við ákærða. Hann hefur lýst því með trúverðugum hætti að þegar brotþoli veittist fyrst að honum og skar hann á vinstri vanga og höku hafi ákærði óttast um líf sitt og talið að brotþoli myndi skera hann á háls. Þá telur ákærði brotþola hæglega hafa getað drepið hann með hnífnum og ákærði ekki gert annað en að verjast þeirri árás. Er það álit dómsins að undir þeim kringumstæðum sem ákærði lýsir og leggja verður til grundvallar í málinu hafi viðbrögð hans ekki verið óeðlileg og með engu móti hættulegri en árás brotþola. Að þessu gættu, sem og því að ákærði og brotþoli voru vinir til 30 ára er mál þetta kom upp og því engin ástæða til að ætla að ákærði myndi vilja skaða brotþola, er fallist á með ákærða að hann hafi greint sinn ekki gert annað og meira en grípa til varna gegn augsýnilega hættulegri árás með flöskubrotum og hnífi. Ber því með vísan til 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga að sýkna ákærða X af broti gegn 2. mgr. 218. gr. laganna.

## 2.

Í seinni lið ákærunnar er ákærðu báðum gefið að sök hættubrot samkvæmt 1. mgr. 221. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa, í kjölfar atlögu ákærða X samkvæmt fyrri lið ákæru, látið farast fyrir að koma brotþola til bjargar, skilið hann eftir liggjandi frammi á gangi húsnæðisins og yfirgefið hann ósjálfbjarga og lífshættulega slasaðan, án þess að koma honum til hjálpar. Segir svo í téðri lagagrein, að láti maður farast fyrir að koma manni til hjálpar, sem staddur er í lífshásku, þótt hann gæti gert það án þess að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs sín eða annarra í hásku, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Lögreglurannsókn málsins laut að óverulegu leyti að meintu broti gegn 1. mgr. 221. gr. Þannig var ekki tekin skýrsla af F, sem var allsgáður umrætt kvöld og er lykilvitni í þessum þætti. Þá virðist lögregla lítt hafa hugað að tímasetningu atburðarásar, en að frátöldum vitnisburði C nýtur engra vísbendinga um hvenær átök milli ákærða X og brotþola áttu sér stað. Af framburði C hjá lögreglu má ráða að hann hafi farið út að reykja um kl. 22 og þá séð ákærða X, beran að ofan og með skurði vísvegar um líkamann. Taldi C, sem var allsgáður, að lögregla hafi komið á vettvang um 60-90 mínútum síðar. Fyrir dómi taldi C að hann hefði séð ákærða X með sömu áverka um kl. 22:30. Óháð því hvor tímasetningin er nákvæmari passar tímaskynjun C ágætlega við þá staðreynd að kl. 23:22 hringdi F í Neyðarlínuna. Samkvæmt vætti F hafði hann örskömmu áður komið að brotþola á stutta herbergisganginum fyrir framan herbergi 2, 3 og 4. Með hliðsjón af

framburði vitnanna tveggja þykir mega við það miða að 60-90 mínútur hafi liðið frá því að brotþoli hlaut áverka sína og þar til lögregla og sjúkraflutningamenn komu á vettvang.

Fyrir liggur að við komu á bráðadeild LSH kl. 00:06 um nóttina var brotþoli í djúpu meðvitundarleysi. Af framlögðum læknisvottorðum og vætti J heila- og taugaskurðlæknis er ljóst að brotþoli var í bráðri lífshættu vegna blæðinga innan höfuðkúpu og hefði að öllum líkindum látist ef ekki hefði komið til bráðaaðgerðar á höfði. Það er viðtekin þekking innan læknisfræðinnar að þegar tekist er á við blæðingar innan höfuðkúpu, og von er til að unnt sé að bjarga sjúklingi með skurðaðgerð, hafi læknar um það bil fjögurra klukkustunda tímaglugga áður en batahorfur taka að kárna. Að þessu gættu og með vísan til læknisfræðilegra gagna í málinu, sér í lagi framburðar J, er ekkert sem bendir til þess að sú töf sem varð á því að brotþoli kæmist undir læknishendur hafi haft áhrif á árangur aðgerðar J og/eða afleiðingar höfuðáverka brotþola og batalíkur.

Brotþoli var greindur með innanbastsblæðingu sem getur valdið lífshættulegum þrýstingi á heila, svo sem var í tilviki brotþola. Blæðing af þessum toga getur verið mismunandi hröð og í sumum tilvikum kann hinn slasaði að vera við góða eða sæmilega meðvitund í einhvern tíma áður en honum hrakar með minnkandi meðvitund og að lokum meðvitundarleysi. Er á þeim læknisfræðilega grunni ekkert sem útilokar að brotþoli hafi framan af verið með sæmilega meðvitund, hreyft sig um á gólfinu, eins og ákærði X og vitnið B báru um fyrir dómi, jafnvel staðið á fætur og ráfað um húsnæðið á einhverjum tímamarki áður en hann örmagnaðist á sama herbergisgangi. Gæti það skýrt af hverju C sá ekki brotþola á ganginum þegar hann átti þar leið um, en B sá hann ekki löngu síðar liggjandi á ganginum. Eins og áður greinir voru bæði vitnin allsgáð og engin ástæða til að efast um réttmæti frásagnar þeirra.

Samkvæmt dómsframburði ákærða X skildi hann við brotþola á ganginum fyrir framan herbergi 2, 3 og 4 og segir ákærði brotþola þá hafa legið við dyrnar að herbergi nr. 4, hægra megin gangsins þegar horft er frá herbergi nr. 2. Er sá framburður samhljóða dómsvætti B um hvar hún sá brotþola liggjandi. Ljósmyndir sem lögregla tók af brotþola við komu á vettvang sýna á hinn bóginn legu brotþola vinstra megin gangsins fyrir framan herbergi 4. Er þannig ljóst að hann hefur fært sig úr stað eða verið færður úr stað á þeim tíma sem þarna leið á milli. Sömu ljósmyndir sýna blóð og blóðkám hægra megin gangsins og gæti það blóð því allt eins hafa dulist ákærða X og B.

Eins og rakið er í köflum I.-2. og I.-9. fannst blóðkám víðsvegar um húsnæðið, meðal annars á hurðarlæsingu herbergis nr. 6, sem er á öðrum gangi hússins. Ekki var rannsakað úr hverjum blóð þetta kom og er því með engu móti unnt að útiloka að umrætt blóð eða hluti þess stafi frá brotþola. Styður það enn frekar þann möguleika að hann hafi á einhverjum tímapunkti komist á fætur og náð að staulast um húsnæðið.

Í framburði þeirra lögreglumanna sem komu fyrir dóm vegna málsins voru skiptar skoðanir um það hvort það væri á færi einstaklings sem ekki hefði hlotið sérstaka þjálfun að greina ástand brotþola þar sem hann lá á gólfinu og meta hvort hann væri alvarlega slasaður eður ei. Framlagðar ljósmyndir af brotþola á gólfinu benda ekki með neinni vissu til hins fyrrnefnda. Ber í þessu sambandi að hafa í huga að það ástand sem brotþoli var í þegar lögregla og sjúkraflutningamenn komu að honum var að líkindum lengra gengið en verið hafði fyrst eftir að hann hlaut áverkana, sbr. það sem fyrr segir um þróun einkenna fyrstu klukkustundir eftir höfuðáverka. Þá ber að gæta þess að greining alvarlegs höfuðáverka getur reynst vandasöm þeim sem búa yfir læknisfræðilegri þekkingu, einkum á fyrstu stigum, hvað þá leikmönnum sem ekki hafa hlotið þjálfun eða reynslu á því sviði.

Af 18. gr. almennra hegningarlaga leiðir að ákærðu verður því aðeins refsað fyrir brot gegn 1. mgr. 221. gr. að ákærvaldið sanni, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að hvor ákærðu um sig hafi haft vitund um að brotþoli væri „í lífsháska“ þar sem hann lá á stutta herbergisganginum og ákærðu, þrátt fyrir það, ekkert aðhafst til að koma honum til hjálpar.

Að því er varðar ákærða Y liggur ekkert fyrir í málinu um að hann hafi vitað af átökum milli ákærða X og brotþola, vitað að brotþoli hafi hlotið áverka af völdum ákærða X og að þeir hafi orðið til þess að brotþoli fannst á ganggólfinu. Skortir þegar af þeirri ástæðu það grunnskilyrði hættuásetnings að ákærði Y hafi haft vitund um að brotþoli væri í lífsháska. Þegar við þetta bætist að ákærði og brotþoli höfðu setið saman að sumbli, að brotþoli var ofurölvi, að vitnið B, sem var allsgáð, kom að brotþola á ganginum, sá ekki áverka á honum og taldi hann sofa áfengisdauða á gólfinu, og að samkvæmt vitnisburði F, sem einnig var allsgáður, hafi ákærði verið svo ölvaður að hann vissi hvorki í þennan heim né annan, þykir með engu móti unnt að gera þá kröfu til ákærða að hann hafi mátt vita eða gruna að brotþoli væri í bráðri hættu þar sem hann lá á gólfinu fyrir framan herbergið. Að gættum þessum atriðum og gegn eindreginni

sakarneitun ákærða Y þykir engum vafa undirorpið að sýkna beri ákærða af þeirri háttsemi sem hann er borinn í ákæru.

Ákærði X greindi lögreglu frá því að hann hafi ekki séð hvort brotaþoli skylli með höfuðið í gólfið fyrir framan herbergi nr. 2, en þar hafi brotaþoli velst um, ákærði verið honum reiður vegna nýafstaðinnar árásar, sagt brotaþola að hann kæmi ekki aftur inn og við svo búið lokað herbergisdyrnum. Nokkrum mínútum síðar hafi ákærði farið fram á baðherbergi til að þrifa sár sín, þaðan snúið til baka í herbergi 2 og hafi brotaþoli þá enn velst um á gólfinu og ekki getað staðið á fætur. Ákærði kvaðst hafa séð blóð á brotaþola, haldið að það væri blóð úr sér og ekki áttað sig á að brotaþoli væri slasaður heldur talið hann ofurölvi og sagt honum að koma sér heim. Ákærði lýsti atburðarás með líkum hætti fyrir dómi, þó þannig að þegar hann fór fram á baðherbergi hafi blóð lekið úr nefi brotaþola og hann hrotið. Ákærði hafi því talið að ekkert amaði að honum og hann svæfi bara ölvunarsvefni. Þegar ákærði svo sneri til baka hafi hann sagt brotaþola að fara heim án þess að huga frekar að honum.

Við mat á því hvort þetta athafnaleysi ákærða varði við 1. mgr. 221. gr. almennra hegningarlaga þarf ákæruvaldið að sanna að ákærði hafi að minnsta kosti látið látið sér í léttu rúmi liggja hvað yrði um brotaþola þótt hann, á sama tíma, hafi mátt gera sér grein fyrir því að brotaþoli væri í lífsháska. Við mat á sönnun um þetta verður að líta til þess að samkvæmt framburði ákærða hafði brotaþoli skömmu áður veist að honum með flöskubrotum og hnífi í herbergi nr. 2, ákærði undir þeim kringumstæðum hrint honum út úr herberginu og brotaþoli fallið á gólfið fyrir framan. Ákærði kveðst ekki hafa séð hvort brotaþoli skylli með höfuðið í gólfið, segir hann hafa velst þar um, skömmu síðar byrjað að hrjóta og ákærði því talið að hann svæfi ölvunarsvefni á gólfinu. Eru ekki aðrir til frásagnar um þessa atburðarás og verður því að byggja á framburði ákærða. Fyrir liggur að brotaþoli var ofurölvi þegar atvik gerðust, en samkvæmt blóðsýni sem honum var tekið tveimur klukkustundum síðar mældist etanólmagn í blóði 2,40 ‰. Brotaþoli bar ekki augskýleglega áverka á höfði eftir viðskiptin við ákærða ef frá er talinn blóðleki frá nefi, sem allt eins gat stafað af höggi frá ákærða á meðan hann sat í rúmi sínu. Þá er samkvæmt áðursögðu ekki unnt að útiloka að brotaþoli hafi staðið á fætur skömmu eftir að ákærði skildi við hann og ráfað um húsnæðið áður en vitnið B kom að honum á ganggólfinu. Að öllu þessu virtu þykir óvarlegt að ætla að ákærða hafi ekki getað dulist að brotaþola væri veruleg hætta búin þegar ákærði skildi við hann. Fær sú ályktun stoð í

vitnisburði B, sem var allsgáð, en hún kom skömmu síðar að brotaþola á ganginum, sá ekki áverka á honum og taldi hann sofa áfengisdauða á gólfinu.

Samkvæmt framansögðu verður ekki staðhæft að ákærði X hafi haft ásetning til brots gegn 1. mgr. 221. gr. almennra hegningarlaga og ber því einnig að sýkna ákærða af þeirri háttsemi sem hann er borinn í seinni lið ákæru.

Samkvæmt greindum málsúrslitum og með vísan til 2. mgr. 176. gr. laga um meðferð sakamála ber að vísa bótakröfu brotaþola frá dómi. Þá ber samkvæmt 2. mgr. 235. gr. sömu laganna að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð. Til hans telst þóknun Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur skipaðs réttargæslumanns brotaþola, málsvarnarlaun Unnsteins Arnar Elvarsson skipaðs verjanda ákærða X og málsvarnarlaun Bjarna Haukssonar skipaðs verjanda ákærða Y. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu réttargæslumanns þykir þóknun hans hæfilega ákveðin 683.240 krónur. Með sömu formerkjum þykja málsvarnarlaun verjanda ákærða X hæfilega ákveðin 2.945.000 krónur og málsvarnarlaun verjanda ákærða Y 2.002.600 krónur. Hefur í öllum tilvikum verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóminn en auk hans skipuðu dóm í málinu Hulda Árnadóttir héraðsdómari og Jón Baldursson sérfræðingur í bráðalækningum.

### **Dómsorð:**

Ákærði X er sýkn sakar.

Ákærði Y er sýkn sakar.

Bótakröfu brotaþola A er vísað frá dómi.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin 683.240 króna þóknun Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur réttargæslumanns brotaþola, 2.945.000 króna málsvarnarlaun Unnsteins Arnar Elvarsson verjanda ákærða X og 2.002.600 króna málsvarnarlaun Bjarna Haukssonar verjanda ákærða Y.

Jónas Jóhannsson

Hulda Árnadóttir

Jón Baldursson